

stúlkum og piltum sé gert jafnhátt undir höfði. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþrótt- og tómstundaiðkana. Kanna þarf brottfall unglinga og unglingsstúlkna, sérstaklega úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur. Komi í ljós að fyrirkomulag starfseminnar sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta.



### Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni verður ekki liðin á vinnustöðum bæjarins og skuldbindur Hveragerðisbær sig til að gera allt það sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir það sbr. 17. gr. l. nr. 96/2000. Búa skal til viðbragðsáætlun sem hægt er að fara eftir ef að upp koma slík mál. Hverskonar starfsemi sem lýtur að því að niðurlægja

eða lítilsvirða annað kynið verður ekki liðin í bæjarfélaginu. Á það við hvers kyns starfssemi þar sem mannsal getur komið við sögu, eða aðrar athafnir sem niðurlægja annað hvort kynið.




### Framkvæmd

Félagsmálanefnd Hveragerðisbæjar ber ábyrgð á jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Starfsmaður nefndarinnar er félagsmálastjóri sem skal vera til ráðgjafar í málaflokknum jafnt fyrir starfsmenn bæjarins sem og íbúa. Jafnréttisáætlun skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum bæjarins og kjörnum fulltrúum. Jafnréttisáætlun ber að endurskoða fjórða hvert ár.



Samþykkt í bæjarstjórn 11. október 2007.

# Jafnréttisáætlun Hveragerðisbæjar 2007 - 2010



## Inngangur

Áætlun þessi er gerð samkvæmt 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir m.a. að jafnréttisnefndir sveitarfélaga skuli hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára, sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Hveragerðisbær skuldbindur sig til að vinna að jafnrétti innan stjórnkerfisins, á meðal starfsmanna og gagnvart íbúum. Hveragerði er og á að vera ákjósanlegur staður til búsetu þar sem manggildi eru í hávegum höfð og virðing og umburðarlyndi gagnvart íbúum er sett á oddinn.



## Tilgangur

Tilgangur áætlunarinnar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði.

## Skipan í nefndir

Við skipan í ráð og nefndir á vegum stjórnkerfisins skal ávallt haft að leiðarljósi að hafa kynjahlutfall sem jafnast. Skal hafa í huga að í fimm manna nefndum sé skiptingin 2:3 og 2:1 í þriggja manna nefndum. Skulu stjórnáflökkar hafa þetta í huga við tilnefningu í nefndir sbr. 20. gr. l. nr. 96/2000. Flétta skal kynjasjónarhornið inn í alla stefnumótunarvinnu og inn í allar nefndir og ráð bæjarins.

## Laus störf og kjör starfsmanna

Öll störf skal auglýsa og hvetja það kyn sem hallar á að sækja sérstaklega um. Gæta skal að því að auglýsingar á vegum sveitarfélagsins séu kynhluthlausar. Karlar og konur skulu njóta sömu réttinda og sömu kjara. Greiða skal körlum og konum sömu laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Konur jafnt sem karlar skulu hafa jafna möguleika til endurmenntunar, námskeiða og starfshlunninda.

## Atvinna og einkalíf

Hveragerðisbær vill vera fjölskylduvænn vinnustaður og mun leggja sitt af mörkum til að

auka sveigjanleika vinnutíma fjölskyldufólks þar sem því verður viðkomið. Hveragerðisbær mun leitast við í samráði við hvern einstaka starfsmann að ábyrgð gagnvart vinnuveitenda fari saman við fjölskylduábyrgð starfsmannsins. Hvetja skal bæði kyn til töku fæðingarorlofs og hvetja skal bæði kyn til að sinna börnum sínum í veikindum.

## Þjónusta við íbúa

Tryggja skal jafnt aðgengi karla og kvenna að þjónustu bæjarins. Hveragerðisbær mun leggja sig fram að flétta jafnréttissjónarhornið inn í öll skólastig bæjarins. Vinna þarf að því að veita nemendum af báðum kynjum hvatningu til að rækta sérkenni sín og virðingu fyrir gagnstæðu kyni. Leggja á áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs m.a. með kennslu um jafnréttismál

## Íþrótt- og önnur félagasamtök

Hveragerðisbær veitir styrki til íþrótt- og félagasamtaka og gerir þá kröfu til þeirra að bæði

